



Ritrynd grein birt 31. desember 2012

Anni G. Haugen

Samstarf í þágu barna

Samvinna grunnskóla og barnaverndar

Í samfélagi nútímans er farsæl skólaganga og menntun oftast en ekki lykillinn að velgengni í lífinu. Því er öllum börnum mikilvægt að fá góðan stuðning og hvatningu í námi og þjálfun í félagslegri færni í skólanum. Barnaverndarnefndir á Íslandi sinna á ári hverju miklum fjölda barna á grunnskólaaldri, oftast með því að aðstoða barnið heima, en í þeim tilvikum sem barn er talið vera í hættu á heimili sínu eða í þörf fyrir umfangsmeiri aðstoð er hægt að vista það á fóstur- eða meðferðarheimili. Því má ætla að samstarf skóla og barnaverndar þurfi að vera náið og markvisst en ýmsar vísbendingar eru þó um að það megi bæta. Börnin sjálf og foreldrar þeirra virðast telja æskilegt og mikilvægt að þessar tvær stofnanir vinni vel saman. Yfirleitt telja skólastjórnendur samstarfið vera gott en að skólinn fái takmarkaðar upplýsingar um það hvort unnið sé með mál ákveðinna barna hjá barnaverndarnefnd eða hvernig það sé gert. Ræða þyrfti betur hvernig starfsmenn skóla og barnaverndarstarfsmenn vinna best saman að því að leysa úr málum barna í vanda. Í greininni er fjallað um samstarf skóla og barnaverndar og stöðu barna í skóla og dregin fram þættir sem þörf er á að bæta frekar til að slíkt samstarf geti þróast og dafnað til hagsbóta fyrir barnið. Greinin er byggð á íslenskum og erlendum rannsóknum og fræðigreinum um efnið.

Höfundur er lektor við Félagsráðgjafardeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

For the sake of the children: Collaboration between schools and child protection
Excellence at school and getting a good education is considered the main key to a successful life in modern society. Getting support and encouragement for their academic and social development at school is of vital importance to children. The child protection services in Iceland work with a great number of children of obligatory school age. Most of these children and their families receive help in their homes. Only when the child protection service evaluates the child to be at risk in the home or the child's needs are greater than that which can be provided for in the home will the child be placed in foster care or an institution. It could therefore be expected that there should be a close, systematic collaboration between schools and the child protection service. There are clear signs that this is not always the case, despite the fact that children and their families find it important that these two institutions work closely together. Most school principals find the collaboration with the child protection services to be good. They do stress however that the schools get limited information about whether and how the child protection is handling individual cases. Further discussions are needed about how the school can participate in child protection cases. This article is built on International and Icelandic research and published articles. It discusses how the collaboration between schools and child protection services, the

children's situation at school and the important issues that have to be developed in order for this partnership to develop in the best interest of the child. The author is assistant professor at the Faculty of Social Work, School of Social Sciences, University of Iceland.

Inngangur

Á hverju ári berst barnaverndarnefndum landsins mikill fjöldi tilkynninga um að grunur leiki á að börn búi við vanrækslu eða ofbeldi eða að þau stefni eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni. Á árunum 2006–2010 voru milli 73 og 80% þeirra barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af á aldrinum 6–17 ára eða rúmlega 3.000 börn á ári (Barnaverndarstofa, 2012a). Í flestum tilvikum er börnunum og fjölskyldum þeirra veitt aðstoð á meðan börnin búa heima enda leggja barnaverndarlögin áherslu á að ætíð skuli beita vægustu úrræðum sem líkleg eru til að bæta aðstæður barnsins. Telji barnaverndarnefnd að ekki sé hægt að veita barni nauðsynlegan stuðning heima er unnt að vista það utan heimilis, ýmist í stuttan tíma eða til langframa (*Barnaverndarlög* nr. 80/2002).

Flest börnin eru skólaskyld og ætla má að samstarf barnaverndarnefndar og skóla geti skipt sköpum um það að bæta aðstæður barnsins og undirbúa það til að takast á við þau verkefni sem bíða þess. Samstarf þessara aðila hefur þó stundum verið lítað tortryggni og vantrausti (Baklien, 2009). Starfsmenn skóla hafa gagnrýnt barnaverndarstarfsmenn fyrir að veita þeim litlar upplýsingar um það hvort verið sé að vinna í málum barnsins og þá hvernig (Gerður Sif Stefánsdóttir, 2011). Barnaverndarstarfsmenn gagnrýna hins vegar að þótt tilkynningum frá skólum hafi fjölgað nokkuð á undanförunum árum komi þær oft ekki fyrir en vandamál barnsins eru orðin veruleg og því erfiðara en ella að veita því stuðning (*Barnaverndarstofa*, 2008).

Í þessari grein verður fjallað um samstarf grunnskóla og barnaverndar í ljósi þeirrar þekkingar sem við höfum á samstarfinu. Fjallað verður um lög sem kveða á um samstarf þessara aðila og tengsl barnaverndarnefndar við menntakerfið auk erlendra rannsókna um skólagöngu barna sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af. Þá verður gerð grein fyrir þeim íslensku rannsóknum sem til eru um viðhorf þessara barna og foreldra þeirra til samstarfs skóla og barnaverndar og væntingar sem þeir hafa til þess. Þannig verður reynt að varpa ljósi á forsendur samstarfsins og jákvæða þætti þess auk þess að benda á atriði sem betur mega fara.

Ákvæði laga um samstarf grunnskóla og barnaverndar

Í barnaverndarlögum er víða að finna ákvæði sem varða samstarf við skóla og aðra sem sinna málefnum barna. Má þar t.d. nefna að skólastjórar og kennarar eru sérstaklega tilgreindir ásamt öðru fagfólki í ákvæði um tilkynningaskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum (17. grein). Við könnun máls skal sérstaklega leita upplýsinga um skólagöngu barns (22. grein), öllum sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barns er skylt að hafa samstarf við barnaverndarnefnd og það samstarf á að vera gagnkvæmt (20. grein); barnaverndarnefnd skal meta þörfina á samstarfi við aðra aðila, svo sem skóla, þegar gerð er áætlun um meðferð máls (23. grein) og skólum ásamt öðrum stofnunum er skylt að láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar (44. grein) (*Barnaverndarlög* nr. 80/2002). Á sama hátt eru í lögum um grunnskóla ýmis ákvæði er snerta samstarf og afskipti skólanna við barnaverndarnefndir. Í 12. grein kemur fram að þagnarskylda starfsmanna skóla nái ekki til atvika sem eru tilkynningarskyld samkvæmt lögum; í ákveðnum tilvikum ber skólastjóra að leita aðstoðar barnaverndaryfirvalda (14. og 19. grein) og ef þurfa þykir skal skólinn stuðla að samráði við barnaverndaryfirvöld um málefni einstakra nemenda (40. grein) (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Samstarf barnaverndar og grunn-

skóla á sér því víða stoð í lögum en þau segja ekki til um hvernig samstarfinu skuli háttað þannig að það þjóni sem best hagsmunum barnsins.

Staða barna í skóla

Lagerberg og Sundelin (2000) telja að ein besta fyrsta stigs forvörn sem samfélagið hefur að bjóða sé skólinn með því að undirbúa börnin fyrir framtíðina. Þau vísa í því samhengi til rannsókna Rutter (1983) sem taldi að hið félagslega skipulag skólans hefði áhrif á viðveru nemenda, hegðun og viðhorf til kennslunnar. Þannig eykst geta nemenda þó að félagslegar, greindarfarslegar og fjárhagslegar aðstæður þeirra séu slakar. Menntastofnunum nútímans er ætlað að búa börn og unglinga undir flókin verkefni fullorðinsáranna og fátt er ungu fólki eins mikilvægt til framtíðar litið og menntun. Takist nemanda ekki að mæta kröfum skólans aukast mjög líkur á að honum verði útskúfað á einhvern hátt og að hann nái ekki að fóta sig í lífinu, enda eru atvinnumöguleikar, þökkaleg laun og félagsleg staða á fullorðinsárum nátengd því hvernig viðkomandi manneskju leið í skóla og hvaða árangri hún náði þar (Egelund, Hestbæk og Andersen, 2004; Frønes og Strømme, 2010). Því yngri sem nemandi er þegar hann fellur úr námi þeim mun minni möguleika hefur hann í framtíðinni, bæði í félagslegu og menntunarlegu tilliti. Það sama á við um nemendur sem fá mjög lága einkunn úr grunnskóla; þeim er margfalt hættara við að eiga í sálfélagslegum erfiðleikum síðar á lífsleiðinni en nemendum með hærri einkunn. Í mörgum tilvikum er hér um að ræða börn sem eru í fóstri eða á meðferðarstofnunum eða börn sem alast upp í fjölskyldum sem fá endurtekna fjárhagsaðstoð sveitarfélags (Socialstyrelsen, 2010).

Mörg börn sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af, bæði hér á landi og erlendis, koma úr umhverfi sem litað er áhættuþáttum eins og fátækt og að alast upp hjá einstæðu foreldri (Barnaverndarstofa, 2012a; Stevenson, 2007; Wulczyn, Smithgall og Chen, 2009). Börnin eiga líka sjálf við ýmsa erfiðleika að stríða eins og athyglisbrest, þunglyndi, og hegðunarerfiðleika (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008) en slíkir erfiðleikar eru líklegir til að hafa veruleg áhrif á námsárangur (Egelund o.fl., 2004). Fjölmargar rannsóknir sýna að mikil hætta er á að börn sem verða fyrir vanrækslu og/eða ofbeldi nái takmörkuðum árangri í skóla (Stevenson, 2007; Stone, 2007). Þetta á einnig við um börn sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af, hvort sem börnin eru vistuð utan heimilis eða njóta aðstoðar á eigin heimili (Berridge, 2007; Egelund o.fl., 2008; Hestbæk, 2011; Vinnerljung, Öman og Gunnarsson, 2005). Norsk langtímarannsókn meðal fólks, sem barnaverndaryfirvöld höfðu haft afskipti af, sýna að aðeins 34% þess höfðu notið framhaldsmenntunar eftir grunnskóla. Sé litið til þjóðarinnar í heild höfðu 80% fólks þar í landi haldið áfram námi eftir grunnskóla (Clausen og Kristofersen, 2008).

Á Íslandi hefur engin kerfisbundin athugun farið fram á því hvernig þeim börnum, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af, vegnar í skóla, hvorki í námi né í félagslegu tilliti. Ástæður afskipta barnaverndar eru í flestum tilvikum erfiðar aðstæður sem markaðar eru ofbeldi, vanrækslu og fátækt og þessi atriði geta haft áhrif á skólasókn og námsgetu barnanna (Barnaverndarstofa, 2012a). Vísbendingar eru þó um að skólavandi þessara barna sé verulegur. Í rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2008) um vanda unglinga sem annaðhvort fóru á meðferðarheimili eða fengu aðstoð frá barnaverndarnefnd á meðan þeir bjuggu heima kom fram að stór hluti þeirra glímdi við námsvanda. Upplýsingar úr árskýrslum Barnaverndarstofu sýna hins vegar að erfiðleikar barns í skóla eru ástæður tilkynninga í aðeins rétt rúmlega 2% tilvika (Barnaverndarstofa, 2012a). Áhugavert væri að skoða nánar hvort svo sé raunin eða hvort hér skorti á skráningu.

Guðbjörg Gréta Steinsdóttir (2011) rannsakaði félagslega stöðu, stuðning og viðhorf ungs fólks sem barnaverndarnefnd í Kópavogi hafði haft afskipti af. Svarendur voru 78 og meirihluti þeirra hafði aðeins lokið grunnskólaprófi þegar rannsóknin var gerð. Þeir töldu

að samvinnu hefði skort milli skólans og barnaverndar og höfðu jafnframt vænst þess að barnaverndaryfirvöld gerðu ráðstafanir til að bæta stöðu þeirra í skólanum. Reynolds þeirra af skólagöngunni var mismunandi; margir höfðu upplifað erfiðleika þar en aðrir töldu að ráðstafanir sem gerðar voru hefðu gagnast sér. Þá var einnig nefnt að námið hefði átt að taka meira mið af einstaklingsbundnum þáttum og taka tillit til ólíkra vandamála sem börnin voru að glíma við. Einn svarenda orðaði það svo:

Það sem spilaði stóran þátt í mínum vandamálum hafi verið að mér var látið líða eins og ég væri ekki jafn vel gefinn og hin börnin af því ég gat ekki setið kyrr og lært og lesið í lengri tíma. Í dag er ég frítt í háskóla vegna framúrskarandi námsárangurs og vinn líka við að kenna þar. (Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, 2011, bls. 75)

Af niðurstöðum erlendra rannsókna svo og þeim vísbendingum sem til eru um stöðu barna sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af hér á landi má því ætla að stór hluti þessara barna þurfi sérstakan stuðning og hvatningu í skólanum.

Samvinna barnaverndar og skóla

Wulczyn o.fl. (2009) benda á mikilvægi þess að skólar og barnavernd vinni náið saman. Þeir draga fram að börn sem búa við ofbeldi og vanrækslu eru oft ekki eins fús eða í stakk búin til að takast á við að læra og önnur börn. Huga þurfi sérstaklega að þeim í skólakerfinu og styrkja samvinnu milli þessara kerfa (Wulczyn o.fl. 2009). Í nýlegri breskri úttekt á störfum barnaverndarnefnda þar í landi og úrbótum í þeim efnunum er áhersla lögð á að auðvelda kennurum að koma auga á börn sem eru vanrækt eða beitt ofbeldi. Mikilvægt sé að þeir geti leitað aðstoðar og unnið í samvinnu við barnaverndarstarfsmenn (Munro, 2011).

Hugmyndir um það hvernig samstarfinu skuli háttað eða hvert hlutverk skólans eigi að vera eru þó ólíkar. Niðurstöður kanadískrar rannsóknar um samvinnu þessara kerfa sýndu að barnaverndarstarfsmenn töldu kennara mikilvæga samstarfsaðila þar sem þeir þekktu börnin vel. Hlutverk þeirra í samstarfinu væri fyrst og fremst að fylgjast með börnunum og vera hlekkur í því að tryggja öryggi þeirra auk þess sem starfsmenn skólans voru taldir vera talsmenn barnaverndarinnar (Gallagher-Mackay, 2011). Eins og áður er vikið að gera íslensk lög ráð fyrir víðtækari samvinnu skóla og barnaverndar og á sumum stöðum hefur þróast ákveðið verklag við samvinnuna (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Velferðarsvið Reykjavíkur, 2012). Má í því sambandi nefna tilkynningafundi hjá Barnavernd Reykjavíkur, sem haldnir eru í tengslum við tilkynningu frá skóla, en þar mætir fulltrúi skólans ásamt foreldri eða foreldrum, barni ef við á og barnaverndarstarfsmanni. Í úttekt sem gerð var á þessu fyrirkomulagi kom fram að starfsmenn skóla töldu þetta fyrirkomulag stuðla að aukinni samvinnu og töldu rétt að halda þessu verklagi áfram (Elísabet Gunnarsdóttir, 2007).

Í 23. grein *Barnaverndarlaga* er að finna ákvæði um gerð áætlana um meðferð máls. Þær skal gera þegar niðurstaða könnunar máls er sú að barnið og/eða fjölskylda þess er talin þurfa aðstoð frá barnaverndarnefnd. Þar skal meðal annars skrá hvaða stuðning barnið eigi að fá, hver skuli veita hann og hvenær meta eigi árangur stuðningsins. Áætlunina skal gera í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem orðið er 15 ára. Við gerð áætlunar skal barnaverndarnefnd meta þörfina á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd hennar, svo sem skóla (*Barnaverndarlög* nr. 80/2002). Í *Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd* kemur einnig fram að áætlunin skal undirrituð af aðilum, það er foreldrum og barni ef við á (*Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd* nr. 56/2004).

Anni G. Haugen (2012) hefur rannsakað hvernig áætlanir um meðferð máls eru unnar hjá barnaverndarnefndum á Íslandi og hverjir það eru sem koma að gerð þeirra. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar var gerð innihaldsgreining á 50 áætlunum frá fimm barnaverndarnefndum á ólíkum stöðum á landinu. Markmiðið var að skoða hvort unnt væri að sjá hvort og þá hvernig börn og foreldrar hefðu komið að gerð áætlunarinnar. Eitt af því sem vakti athygli við greiningu gagnanna var hve oft skólinn var nefndur en 44 áætlanir vörðuðu börn á skólaaldri. Í 23 þeirra kom fram að ástæða fyrir afskiptum barnaverndarnefndar tengdist skóla á einhvern hátt, tilkynning barst þaðan og/eða áhyggjur voru af líðan eða hegðun barns í skóla, námsframvindu og mætingum. Þegar skoðað var hvernig barnaverndarnefnd ætlaði að styðja börnin var skólinn nefndur í 33 tilvikum. Svo að dæmi séu nefnd gat það tengst því að fylgjast með heimanámi barns, mætingum, að foreldrum væri ætlað að vera í samstarfi við skóla, að starfsmenn barnaverndarnefndar væru í reglulegu sambandi við skóla um málefni barnsins og að barnaverndarnefnd myndi greiða fyrir skólamat eða veita fjárhagsaðstoð til að barn gæti haldið áfram námi. Áætlanir þar sem ekkert var minnst á hlutverk skóla eða skólagöngu barnsins gátu, svo að dæmi séu tekin, varðað barn sem hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, börn sem bjuggu við heimilisofbeldi eða áttu að fara í fóstur. Áætlanirnar endurspegluðu ákveðnar væntingar sem barnaverndarstarfsmenn höfðu til starfsmanna skóla og hlutverks þeirra í stuðningi við barnið. Við greiningu gagnanna var ekki hægt að sjá hvort búið væri að koma á samstarfi eða hvort skólinn væri tilbúinn að taka að sér það hlutverk sem honum var ætlað og starfsmenn skóla skrifuðu ekki undir neina af þeim áætlunum sem skoðaðar voru (Anni G. Haugen, 2009).

Í öðrum hluta rannsóknarinnar var rætt við fimm barnaverndarstarfsmenn og þeir meðal annars spurðir um aðkomu starfsmanna skóla að gerð áætlana. Þar kom fram að skólinn er nær undantekningarlaust talinn mikilvægur samstarfsaðili. Samstarfið er ólíkt á milli staða, til dæmis sitja barnaverndarstarfsmenn í einhverjum tilvikum fundi í skólanum og taka þá þátt í umræðu um málefni einstakra barna, stundum án vitneskju foreldra. Einn viðmælandi hafði reynslu af því að fá skólann til liðs við sig við að búa til áætlun í tilvikum þar sem vandi barnsins tengdist skólanum.

Ég held að þeir [starfsmenn skólans] séu fegnir að fá að vera með, af því að það eru náttúrlega alltaf þessar sífelldu kvartanir yfir því að fá ekki að vera með og vita ekki hvað er að gerast. Mér finnst það bara svo miklu auðveldara. (Anni G. Haugen, 2012, bls. 22)

Þessi viðmælandi taldi að með þessum vinnubrögðum væru starfsmenn skólans tilbúnari en ella til samstarfs og að leggja meira af mörkum. Hann áleit einnig að slíkir fundir leystu ágreininginn um trúnað, skólinn fengi á þennan hátt nauðsynlegar upplýsingar um afskipti barnaverndarnefndar og stöðu málsins þar. Fram kom að foreldrar væru stundum hikandi við að koma á fund um áætlanir með starfsmönnum skóla þar sem samskipti foreldris við kennara hefðu oft og tíðum verið erfið, en þegar upp var staðið væru flestir foreldrar sáttir. Annar viðmælandi nefndi að skólanum væri „aldrei hleypt í áætlanir“, þær væru eingöngu unnar með foreldrum og stundum barni. Einn viðmælandi nefndi að áætlun væri oftast gerð með foreldri (oftast móður) þar sem ákveðið væri hvaða stuðning barnið ætti að fá og hver bæri ábyrgð á ólíkum þáttum stuðningsins. Það væri síðan hlutverk foreldris að fara í skólann og kynna starfsmönnum þar áætlunina og til hvers ætlast væri af þeim (Anni G. Haugen, 2010).

Ýmsar vísbendingar eru hér á landi um að væntingar barnaverndarstarfsmanna til þess að starfsmenn skóla vinni með þeim að því að styðja barnið séu miklar en að vinnubrögð barnaverndarnefndar í þessari samvinnu séu margvísleg. Eitthvað virðist þó skorta á að samræður fari fram milli starfsmanna stofnananna um þann stuðning sem vonast er eftir

að skólinn veiti og tækifæri skólans til að fylgja þeim kröfum, sem barnaverndarstarfsmenn gera, þannig að þeir kraftar og möguleikar, sem skólinn hefur, gagnist barninu til fulls. Tilkynningafundir eru dæmi um vinnulag sem er til þess fallið að styrkja samvinnu og auka nauðsynlegt upplýsingaflæði milli þessara kerfa.

Mat barna og foreldra á samstarfi barnaverndar og skóla

Í fyrrnefndri rannsókn um gerð áætlana um meðferð máls var einnig talað við börn og foreldra um samstarf eða samband barnaverndarnefndar við skólann (Anni G. Haugen, 2011). Rætt var við 10 börn sem öll voru á grunnskólaaldri. Aðeins tvö þeirra (þau elstu) vissu til þess að barnaverndarstarfsmaður hefði haft samband við skólann og fengið þaðan upplýsingar og þau virtust líta á það sem eðlilegan hlut. Annar þessara viðmælenda var hins vegar mjög ósáttur við það hvernig rætt var um málefni hans á fundum barnaverndarstarfsmanns og skóla: „Já, ég held það voru einhverjir [fundir], kannski einn eða tveir eða eitthvað en þá var bara talað um hvað ég var slæm í skólanum, það var ekkert talað um eitthvað að breyta því, sko.“

Ellefu foreldrar barna á grunnskólaaldri voru allir sáttir við að barnaverndarstarfsmaður leitaði upplýsinga um barnið í skólanum. Þeir höfðu hins vegar ólíkar skoðanir á því hvort þeir ættu sjálfir að taka þátt í fundunum og eitt foreldri var efins um að starfsmenn skólans myndu segja allt sem þeim lægi á hjarta ef foreldri væri viðstatt. Móðir sem búið hafði við heimilisofbeldi taldi að barnaverndarnefnd hefði átt að vera í meiri samskiptum við skólann svo að kennari hefði getað fylgst betur með börnum hennar og aðstoðað þau ef þeim liði illa í skólanum. Annað foreldri nefndi dæmi um fund sem hann hafði átt með starfsmönnum skólans, börnum sínum og barnaverndarstarfsmanni sem hefði leitt til jákvæðra breytinga fyrir börnin. „Nei, við fórum á fund uppi í skóla af því að þeir voru náttúrulega báðir mjög ... já, bara, átti að fara að vísa þeim úr skóla og ýmislegt, bara fyrir mætingar og ýmislegt, og við fórum öll á fund upp í skóla ...“ (Anni G. Haugen, 2011). Þessi lýsing undirstrikar að í langflestum tilvikum þar sem mál barns er komið til meðferðar hjá barnaverndarnefnd hefur barnið átt við erfiðleika að stríða í skólanum, námslega eða félagslega, og í einhverjum tilvikum hefur einnig verið um að ræða erfiðleika í samskiptum skólans og foreldra.

Börn og foreldrar virðast telja eðlilegt að barnaverndarnefnd leiti eftir samstarfi við starfsmenn skóla um málefni barnsins og líta það jákvæðum augum, telja það jafnvel vera ákveðinn öryggisventil fyrir barnið. Miklu skiptir þó að þeim sé kunnugt um slíkt samstarf og um hvað það snúist og gefi samþykki sitt fyrir því að ákveðnum upplýsingum um aðstæður barnsins sé miðlað (*Barnaverndarlög* nr. 80/2002; *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1992).

Skólinn og barnavernd

Í *Lögum um grunnskóla* kemur fram að hlutverk grunnskólans sé í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska nemenda til að undirbúa þá undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Starfshættir skulu einkennast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Þessi verkefni eru fyrst og fremst á hendi kennara en hlutverk þeirra eru fjölbreytt og spanna meðal annars kennslu, stjórnun, uppeldi og ráðgjöf. Það eru þeir sem kynnast börnunum best, sjá oft hvernig þeim líður og fylgjast með breytingum sem verða á líðan þeirra, virkni, félagsfærni og getu til að tileinka sér námsefni. Það er því í mörgum tilvikum hjá kennaranum sem áhyggjur vakna vegna einstakra barna og hans að meta og taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að ræða mál nemandans á nemendaverndarfundum eða tilkynna um hagi hans og/eða líðan til barnaverndarnefndar (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Til að auðvelda ferlið vann fulltrúi Barnaverndarstofu í samvinnu við fulltrúa menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndar Reykja-

víkur að verklagsreglum um það hvernig og í hvaða tilvikum skólinn ætti að senda barnaverndarnefnd tilkynningu vegna barns (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006).

Árið 2011 bárust tæplega 10% (859 tilkynningar) allra tilkynninga til barnaverndarnefnda frá skólum, sérfræðipjónustu skóla eða fræðslu- og skólaskrifstofum (Barnaverndarstofa, 2012b). Í ársskýrslum Barnaverndarstofu er ekki hægt að sjá hve stór hluti þessara tilkynninga kemur frá grunnskólum en miðað við fjölda nemenda þar vekur þessi lága tala spurningar um það hvort starfsmenn skóla hiki við að senda tilkynningar eða telji sig skorta frekari þekkingu á einkennum vanrækslu, ofbeldis og áhættuhegðunar. Vísbendingar um þetta er að finna í rannsókn sem gerð var á viðbrögðum skólustjóra 10 grunnskóla þar sem kannað var hvernig skólinn bregst við þegar barn þarfnast aðstoðar vegna þess að móðir þess býr við ofbeldi. Í niðurstöðum kom fram að aðeins þrjú skólustjórar höfðu orðið varir við að börn byggju við slíkar aðstæður og flestir töldu að kæmu þannig mál upp væri þeim vísað til barnaverndarnefndar (Guðrún Helga Sederholm, 2009). Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar sem gerð var á líðan unglinga í skóla sem búið höfðu við ofbeldi á heimili. Þar kom fram að unglingunum hafði liðið vel í skólanum á meðan þeir bjuggu við ofbeldi og að skólinn hafði verið griðastaður fyrir ofbeldinu. Unglingarnir leituðu þó ekki til kennara eða annars starfsfólks skólans með áhyggjur sínar en skólafélagarnir voru þeim í flestum tilvikum afar mikilvægir (Nanna Þóra Andrésdóttir, 2010). Ef litið er til fjölda þeirra barna sem koma með mæðrum sínum í Kvennaathvarf eða upplýsinga um tíðni heimilisofbeldis má ætla að starfsmenn skóla ættu að sjá fleiri börn sem búa við þær erfiðu aðstæður en fram kemur í rannsókn Guðrúnar (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010; Kvennaathvarf, e.d.). Niðurstöður nýlegrar íslenskrar rannsóknar benda líka til þess að börn þekki vel til heimilisofbeldis. 20% barna í 4.–6. bekk sem spurð voru að því hvort þau þekktu einhvern sem orðið hefði fyrir ofbeldi á heimili sínu svöruðu þeirri spurningu játandi, svo og 25% unglinga í 7.–10. bekk. (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2007).

Ýmsir eru hikandi við að tilkynna um málefni barna til barnaverndar og nefna til dæmis sem ástæðu hræðslu við neikvæðar, persónulegar afleiðingar fyrir tilkynnandann (Anni G. Haugen, 2004; Hrefna Friðriksdóttir, 2010) og vanþekkingu á einkennum vanrækslu og ofbeldis (Sigrún Steinsdóttir, 2012) eða að tilkynning muni leiða til þess að mikilvægt traust glatist (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Í niðurstöðum erlendra rannsókna hefur jafnframt komið fram að hræðsla við að tilkynna til barnaverndarnefnda stafi meðal annars af vantrú á að barnaverndarnefnd muni grípa til aðgerða og aðstoða barnið (Baklien, 2009; Gallagher-Mackey, 2011) svo og vanþekkingu á vinnulagi barnaverndarstarfsmanna og þeim úrræðum sem í boði eru (Stone, 2007). Í ástralskri rannsókn sem gerð var meðal nemenda í yngri bekkjum kom fram að þegar kennara grunaði að barn byggji við vanrækslu eða ofbeldi nýttu þeir vitneskju sem þeir höfðu öðlast í námi og af reynslu. Engu að síður skorti þá markvissa þekkingu til að taka á máli barnsins á viðeigandi hátt (Walls og Farell, 2008).

Að greina vanda barna og meta hvort þau búi mögulega við vanrækslu eða ofbeldi er vandasamt verk og krefst mikillar þekkingar sem ekki er endilega hluti af námi kennara. Við það bætist að til að trúá því að tilkynning til barnaverndarnefndar gagnist hagsmunum barns er mikilvægt að treysta því að barnaverndarkerfið virki. Því má velta fyrir sér hve vel grunnskólakennarar séu undir það búnir að greina flókinn og fjölþættan vanda og taka síðan ákvörðun um að rétt sé að senda tilkynningu til barnaverndarnefndar. Samkvæmt kennsluskra Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Kennaradeildar Háskólans á Akureyri fyrir veturinn 2012–2013 er ekkert námskeið ætlað kennaranemum í grunnskólum sem fjallar sérstaklega um barnavernd og barnaverndarstarf en einhverjir þættir þessu tengdir eru teknir til umfjöllunar í nokkrum námskeiðum þar sem fjallað er um þroska barna, skóla án aðgreiningar, frávík í þroska og fleira (Háskóli Íslands, e.d.; Háskólinn á

Akureyri, e.d). Í báðum þessum skólum eru þættir um barnavernd einnig kenndir í framhaldsnámi og á námskeiðum í endurmenntun þar sem gera má ráð fyrir að kennarar sem eru komnir með ákveðna reynslu leiti sér viðbótarþekkingar á þessu sviði.

Árið 2011 gerði Gerður Sif Stefánsdóttir rannsókn á mati skólastjórnenda á samstarfi barnaverndarnefnda og grunnskóla. Spurningalisti var sendur til allra skólastjórnenda grunnskóla á landinu og svarhlutfall var 60%. Niðurstöðurnar sýndu að 88% svarenda töldu að samstarf barnaverndarnefndar og skóla væri gott eða mjög gott með það að markmiði að styðja við þau börn sem þess þurfa. Þegar samstarfið er skoðað nánar sést að 63% svarenda töldu að skólinn þyrfti sjálfur að bera sig eftir upplýsingum frá barnaverndarnefnd en 36% sögðu að barnaverndarnefndir gæfu skólanum upplýsingar um mál efni einstakra barna. Flestir töldu því samstarfið fyrst og fremst vera í aðra áttina, það er að skólinn væri í samstarfi við barnaverndarnefnd en fengi aftur á móti afar takmarkaðar upplýsingar til baka. Flestir skólarnir (89%) höfðu komið sér upp ákveðnu verklagi varðandi tilkynningu til barnaverndarnefnda, sem í flestum tilvikum er send á sérstöku eyðublaði þar sem fram kemur hver ástæða tilkynningarinnar er. Í 17% tilvika var starfsmaður barnaverndar boðaður á fund með skólanum þegar mál var tilkynnt. Um helmingur svarenda (48%) taldi mikilvægt að skólinn fengi upplýsingar frá barnaverndarnefnd um mál efni einstakra barna og þá um nær alla þætti málsins eins og þá hvort málefni barnsins hefði verið eða væri til meðferðar hjá barnaverndarnefnd, hvað væri að gerast í málefnum barnsins og hvaða úrræði barnið hefði fengið.

Hlutverk kennara er margþætt og sá undirbúningur, sem þeir fá í námi sínu til að greina og meta aðstæður barna með það í huga að tilkynna mál þeirra til barnaverndarnefndar, er takmarkaður. Ákveðnar verklagsreglur virðast þó skipta miklu máli og stór hluti skólastjórnenda telur samstarf við barnaverndarnefndir gott. Þrátt fyrir það sakna starfsmenn skóla upplýsinga um ýmsa þætti barnaverndarstarfsins sem snerta nemendur þeirra.

Umræða

Á síðustu árum hafa niðurstöður ýmissa erlendra rannsókna leitt í ljós að börn sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af standa sig oft illa í skóla og hafa í mörgum tilvikum flosnað upp úr námi. Í flóknu nútímasamfélagi er það, hvernig nemandi mætir kröfum skólans, oft mælikvarði á það hvernig honum vegnar síðar í lífinu og skiptir sköpum í lífi hans. Börnin í barnaverndinni sem stundum missa af þeim undirbúningi sem skólinn veitir fyrir þátttöku í samfélaginu standa því oft illa að vígi og hætta er á að þeirra bíði atvinnuleysi og ýmsir félagslegir erfiðleikar. (Frønes og Strømme, 2010; Vinnerljung o.fl., 2005). Þær takmörkuðu íslensku rannsóknir sem til eru á þessu sýna svipaðar niðurstöður (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Það er því rík ástæða til að beina sjónum að stöðu þessara barna í skólanum og huga bæði að námslegri og félagslegri stöðu þeirra þar. Ein meginforsenda þess að svo megi verða er að skoða hvernig efla megi samstarf barnaverndarnefnda og skóla.

Bæði börn og foreldrar virðast sátta við og finnst mikilvægt að skóli og barnaverndarnefnd vinni náið saman og hafa væntingar til þess að svo sé. Starfsmenn barnaverndarnefnda eru að mörgu leyti sama sinnis og telja skólann og starfsmenn hans þýðingarmikla samstarfsaðila. Þeir gera ráð fyrir að kennarar og aðrir starfsmenn skólans sinni bæði stuðnings- og eftirlitshlutverki þegar börn eiga í vanda (Anni G. Haugen, 2011; Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, 2011). Verklagsreglur um það hvernig starfsmenn skóla skuli sinna tilkynningaskyldu og hvernig barnaverndarnefndir komi að málefnum nemenda með fjölþættan vanda hafa verið til þess fallnar að skýra og auka samstarfið milli þessara kerfa (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006; Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Velferðarsvið Reykjavíkur, 2012). Engu að síður telja barnaverndarstarfsmenn í flestum tilvikum að starfsmenn skóla eigi ekki að koma að gerð áætlana og á það virðist skorta að starfs-

menn þessara stofnana fundi með börnum og foreldrum um það hvernig skólinn geti stutt við barnið á árangursríkan hátt (Anni G. Haugen, 2011).

Barnaverndarstarfsmenn kvarta undan tímaskorti og miklum málafjölda og benda á að sá tími sem fari í að sinna skýrslugerð og greinarskrifum og að tryggja örugga málsmeðferð verði stundum á kostnað þess að tala við og sinna börnunum, foreldrum þeirra og samstarfsaðilum (Anni G. Haugen, 2011). Ef naumur tími er til að sinna þessum þáttum og kynna sér starfshætti og möguleika skólans til að styðja börnin er hætt við að samstarf milli skóla og barnaverndar verði ómarkvisst og litist af skilaboðum og ósögðum væntingum um þátttöku sem síðan leiða til misskilnings og vantrausts. Benda má á að ein af grundvallarforsendum þess að þessi tvö kerfi geti unnið markvisst hvort með öðru er að þau þekki uppbyggingu hvort annars, starfsaðferðir og styrkleika og því er ástæða til að tryggja leiðir til að svo megi verða. Niðurstöður úr rannsókn Gerðar Sifjar Stefánsdóttur (2011) sýndu að skólastjórnendur eru almennt ánægðir með störf barnaverndarnefnda og flestir skólar hafa komið sér upp ákveðnu verklagi þegar tilkynna þarf um málefni barns til barnaverndarnefndar. Þeir telja þó að samstarfið sé takmarkað og sakna meiri upplýsinga um það hvernig barnaverndarnefnd vinnur með einstökum börnum. Þá kom einnig fram að aðstæður í skólum eru ólíkar og fjöldi nemenda, fjarlægðir milli stofnana og fleira getur haft áhrif á það hvernig samstarfið mótast og gagnast. Kennarastarfið er margslungið og hlutverk kennarans mörg og ekki alltaf augljós (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að etja eru oftast en ekki mjög sýnileg í skólakerfinu og mikill tími og orka fer í að reyna að hjálpa slíkum nemendum við að takast á við sjálfa sig og að finna heppileg úrræði innan skólans. Ætla má að þessi börn reyni oft á þolrif kennara sem sinna kennslu og vinna að velferð nemenda í fjölmönnum bekkjum. Börn sem bregðast við ofbeldi eða vanrækslu með því að draga sig í hlé og láta lítið fyrir sér fara geta á hinn bóginn orðið ósýnileg í fjölmönnum bekk og því er hætt við að þau fari á mis við athygli kennarans og möguleg stuðningsúrræði (Dubowits og DePanfilis, 2000). Huga þarf að því hvort í grunnnámi kennara og annarra sem starfa í skólum þurfi að leggja meiri áherslu á þætti sem snúa að barnaverndarstarfi. Í því samhengi væri áhugavert að skoða frekar þær tilkynningar sem barnaverndarnefndum berast frá skólum, því ætla má að þær endurspegli þekkingu starfsmanna þar á einkennum vanrækslu, ofbeldis og áhættuhegðun og gefi þá jafnframt vísbendingu um þekkingu sem kann að skorta.

Spyrja má hvort það eigi ekki alltaf að vera hluti af vinnulagi barnaverndarstarfsmanna við könnun máls að skoða stöðu barnsins í skóla sérstaklega og meta hvernig aðstæður þess hafi áhrif á líðan, þátttöku og námsgetu í skólanum. Samstarf við skóla yrði svo ákvarðað með hliðsjón af fyrrnefndum þáttum.

Hér er líka þörf á umræðu um þátt starfsmanna í skólum í samstarfi við barnaverndarstarfsmenn um málefni einstakra barna og hvort og þá hvernig það samræmist uppeldis- hlutverki þeirra. Hafa verður í huga að erfitt getur reynst að finna lausn á því hvernig unnt er að hjálpa barni í vanda svo og að greina hvaða námslegar og félagslegar kröfur hægt er að gera til þess.

Þegar litið er til mikilvægis þess að skólar og barnaverndarnefndir vinni saman verður að telja nauðsynlegt að þróa nánari samvinnu milli þessara stofnana. Markmið þessa samstarfs þarf að vera gagnsætt, miða að því að efla barnið og foreldra þess og tryggja að allir aðilar geti haldið reisni sinni, meðal annars með því að halda fullum trúnaði. Samstarf af þessu tagi verður ekki til af sjálfu sér og á ekki að vera háð vilja og áhuga einstakra starfsmanna heldur þarf það að vera þáttur í stefnu stofnananna. Hafa ber í huga að samvinna leiðir ekki sjálfkrafa til betri lausna fyrir barnið, tilgangur hennar þarf að vera skýr og gagnkvæm virðing verður að ríkja fyrir ólíkum hlutverkum og þeim gildum sem stofnanirnar vinna eftir auk þess að taka verður tillit til þess lagaramma sem starfið byggist á.

Börn og foreldrar eru hluti af samstarfinu og bæði starfsmenn skóla og barnaverndarnefnda þurfa að gæta þess að tryggja þátttöku þeirra á öllum stigum.

Mikilvægustu verkefni nú eru að skýra betur hlutverk skólans og tengsl hans við barnaverndarmál og að tryggja að starfsmenn hans hafi forsendur til að sinna því hlutverki. Þá þurfa starfsmenn barnaverndarnefnda að eiga frumkvæði að því að ræða við skólana um samstarf og væntingar sem gerðar eru til þess.

Heimildir

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið: Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Anni G. Haugen. (2009). Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Í Halldór Sigurður, Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 21–29). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2010). Samvinna í barnavernd: Sjónarhorn starfsmanns. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*, (bls. 1–8) Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/6716/18353/1/18_Anni_Haugen_FELRAD_bok.pdf

Anni G. Haugen. (2011). Þátttaka barna og foreldra við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 1–8). Sótt af <http://skemman.is/stream/get/1946/10250/25560/1/F%C3%A9lagsradgjafardeild.pdf>

Anni G. Haugen. (2012). „Það kemur alveg nýtt look á fólk“: Rannsókn á gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Baklien, B. (2009). Skole, barnehage, barneverntjeneste – bilder av “de andre” hindrer samarbeid. *Norges barnevern* 86(4), 236–244.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006–2007*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://www.bvs.is/files/file663.pdf>

Barnaverndarstofa. (2012a). *Ársskýrsla 2008–2010*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://www.bvs.is/files/file988.pdf>

Barnaverndarstofa. (2012b). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2010 og 2011*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://bvs.is/files/file986.pdf>

Berridge, D. (2007). Theory and explanation in child welfare: Education and looked-after children. *Child and Family Social Work*, 12(1), 1–10.

Clausen, S-E. og Kristofersen, L. B. (2008). *Barnevernsklienter i Norge 1990–2005: En longitudinell studie* (Rapport 3/2008). Oslo: NOVA.

Dubowitz, H. og DePanfilis, D. (ritstjórar). (2000). *Handbook for child protection practice*. London: Sage Publications.

Egelund, T., Andersen, D., Hestbæk, A.-D., Lausten, M., Knudsen, L., Fuglesang Olsen, R. og Gerstoft, F. (2008). *Anbragte børns udvikling og vilkår: Resultater fra SFI's forløbsundersøgelser af årgang 1995*. København: SFI – Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.

Egelund, T., Hestbæk, A.-D. og Andersen, D. (2004). *Små børn anbragt uden for hjemmet: En forløbsundersøgelse af anbragte børn født i 1995*. København: Socialforskningsinstituttet.

Elísabet Gunnarsdóttir. (2007). *Tilkynningafundir hjá Barnavernd Reykjavíkur*. Óbirt námsritgerð: Háskóli Íslands.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008). Unglingar í vanda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 5–16.

Frønes, I. og Strømme, H. (2010). *Risiko og marginalisering: Norske barns levekår i kunnskapssamfunnet*. Oslo: Gyldendal.

Gallagher-Mackay, K. (2011). *Schools, child welfare and well-being: Dimensions of collective responsibility for maltreated children living at home*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Toronto. Sótt af https://tspace.library.utoronto.ca/bitstream/1807/31754/3/Gallagher-Mackay_Kelly_201111_PhD_Thesis.pdf

Gerður Sif Stefánsdóttir. (2011). *Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla: Sjónarhorn skólastjórnenda*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10381>

Guðbjörg Gréta Steinsdóttir. (2011). *Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum: Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10365>

Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2007). *Það er ljótt að meiða: Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf.

Guðrún Helga Sederholm. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð skólastjóra 10 grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd.

Háskóli Íslands. (e.d.). *Kennsluskra 2012–2013*. Sótt af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=25596&kennsluar=2012>

Háskólinn á Akureyri. (e.d.). *Náms- og kennsluskra 2012*. Sótt af http://www.unak.is/hugogfelagsvisindasvid/page/hugogfel_namsogkennsluskra/

Hestbæk, A. D. (2011). Denmark: A child welfare system under reframing. Í N. Gilbert, N. Parton og M. Skivenes (ritstjórar), *Child protection systems: International trends and orientations* (bls. 131–154). New York: Oxford University Press.

Hrefna Friðriksdóttir. (2010). Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta. *Tímarit lögfræðinga*, 60(3), 217–267.

Kvennaathvarfið. (e.d.). *Ársskýrsla 2011*. Sótt af http://www.kvennaathvarf.is/media/arsskyrslur/SUK_2011-tp1.pdf

Lagerberg, D. og Sundelin, C. (2000). Risk och prognos i socialt arbete med barn: Forskningsmetoder och resultat. Stockholm: Gothia.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2006) *Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda*. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Dreifibref/tilkynningaskylda.pdf

Munro, E. (2011). *The Munro review of child protection: Final report*. London: Department for Education.

Nanna Þóra Andrésdóttir. (2010). Líðan unglunga í skóla sem lífað hafa við ofbeldi á heimilum. *Glæður, fagtímarit félags íslenskra sérkennara*, 20(1), 10–17.

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.

Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004. Sótt af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/056-2004>

Rutter, M. (1983). School effects on pupil progress: Research findings and policy implications. *Child Development*, 54, 1-29.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt af http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Sigrún Steinsdóttir. (2012). *Leikskólar og barnavernd: Þekking, reynsla og samstarf leikskólastjóra við barnaverndarnefndir*. Meistaraprófsritgerð. Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10390>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Velferðarsvið Reykjavíkur. (2012). *Verklagsreglur: Þjónusta við grunnskólanema með fjölþættan vanda*. Sótt af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/verklagsreglursept.2012.pdf

Socialstyrelsen. (2010). *Social rapport*. Sótt af <http://www.socialstyrelsen.se/Lists/Artikelkatalog/Attachments/17957/2010-3-11.pdf>

Stevenson, O. (2007). *Neglected children and their families*. Oxford: Blackwell Publishing.

Stone, S. (2007). Child maltreatment, out-of-home placement and academic vulnerability: A fifteen-year review of evidence and future directions. *Children and Youth Services Review*, 29(2), 139–161.

Vinnerljung, B., Öman, M. og Gunnarson, T. (2005). Educational attainments of former child welfare clients: A Swedish national cohort study. *International Journal of Social Welfare*, 14(4), 265–276.

Walls, K. og Farrell, A. M. (2008). Identifying and evaluating teachers' knowledge in relation to child abuse and neglect: A qualitative study with Australian early childhood teachers. *Teaching and Teacher Education*, 24(3), 585–600.

Wulczyn, F., Smithgall, C. og Chen, L. (2009). Child well-being: The intersection of schools and child welfare. *Review of Research in Education*, 33(1), 35–62.



Anni Guðný Haugen. (2012).

Samstarf í þágu barna: Samvinna grunnskóla og barnaverndar.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/015.pdf>